

Reglugerð um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

1. gr.

Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda.

Endurskoðanda sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa á grundvelli laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er skylt að hafa í gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem starfa á hans ábyrgð. Tryggingarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn löggildingu sína.

Starfsábyrgðartrygging skal tekin hjá váttryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi.

Váttryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Váttryggingarfjárhæðir.

Endurskoðendaráð setur reglur um lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar.

3. gr.

Brottfall váttryggingar.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag tilkynna það váttryggingartaka og endurskoðendaráði þegar í stað. Gildistíma váttryggingarinnar lýkur ekki fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið tilkynnti váttryggingartakanum og endurskoðendaráði með sannanlegum hætti um váttryggingarslit, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið tekin.

4. gr.

Sameiginleg ábyrgð.

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman hjá endurskoðunarfyrirtæki og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnægt váttryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega váttryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í váttryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

5. gr.

Eigin áhætta.

Heimilt er að áskilja eigin áhættu váttryggingartaka í váttryggingaskilmálum, en slíkt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi váttryggingafélags.

Endurskoðendaráð setur reglur um hámark eigin áhættu váttryggingartaka.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í váttryggingaskilmálum. Um hana og tilgreiningu hennar fer að öðru leyti samkvæmt þeim reglum sem gilda um váttryggingarsamninga.

6. gr.

Tilkynningaskylda váttryggingafélags.

Verði bótaskyld tjón, sem fellur undir ábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til endurskoðendaráðs.

7. gr.
Innlögn réttinda.

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um ábyrgðartryggingu er honum skylt að leggja inn réttindi sín.

8. gr.
Kynning váttryggingaskilmála.

Allir váttryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu kynntir fyrir endurskoðendaráði áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

9. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 673/1997.

Ákvæði til bráðabirgða.

Váttrygging sem endurskoðandi hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu til 31. desember 2020. Frá þeim degi skulu skilmálar váttrygginga endurskoðenda vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skulu endurskoðendur afhenda endurskoðendaráði staðfestingu á því eigi síðar en 15. janúar 2021.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. október 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Harpa Theodórsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.